

Erindi til byggðaráðs Dalabyggðar vegna opunar á Eiríksstöðum

Í ljósi aðstæðna í Þjóðfélaginu vegna covid 19 veirunnar, óskum við rekstraraðilar Eiríksstaða eftir að fá að hafa minna opið og opna seinna þetta árið, þrátt fyrir ákvæði samnings.

Sýnilegt er að við blasir algjört hrun í gestakomum fyrir part sumars, sér í lagi okkar stærsti viðskiptamannahópur bandarískir eldri borgarar eru væntanlega ekki að koma til Íslands í því ástandi sem nú ríkir. Auk þess, þótt Íslendingar mundu ferðast innanlands sem aldrei fyrr eru engar líkur á að þeir færu af stað fyrr en veður batnar og skólarnir eru búnir.

Því leggjum við til að Eiríksstaðir verði aðeins opnir í maí, þegar hópar eða einstaklingar óska sérstaklega eftir leiðsögn og í júní verði styttri daglegur opnunartími en venjulega, þ.e. frá 10 – 15, amk til 20. júní, jafnvel allan júnímánuð.

Með stuttum fyrirvara gætum við samt opnað meira og lengur, ef aðstæður breytast.

Eins og er, gerum við samt ráð fyrir að fyrstu helgina í júlí verði Járngerðarhátíð.

Mikilvægt er að ákvörðun um þetta liggi fyrir sem allra fyrst, þar sem við þurfum bæði að upplýsa starfsmenn og ferðaskrifstofur.

Fyrir hönd rekstraraðila

Bjarnheiður Jóhannsdóttir